

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Mosfellsbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar er heimilt að leggja á sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) til að standa undir kostnaði bæjarins af sorphirðu í bænum.

2. gr.

Sorphirðugjald vegna íbúðarhúsnæðis, að lágmarki kr. 9.200, er innheimt árlega með fasteignagjöldum, af íbúðum í bænum. Innifalið í því gjaldi er eitt sorpílát og sorphreinsun og sorpeyðing vegna þess.

Fyrir hvert aukasorpílát heimila er á sama hátt innheimt árlega, og fyrirfram, gjald eftir því sem hér segir:

	kr.
1. fyrir 240 l tunnu	9.200
2. fyrir 500 l gám	21.600
3. fyrir 660 l gám	25.500

Heimili sem óska eftir aukasorpíláti skulu beina ósk þar að lútandi til tæknideildar bæjarins að Völuteigi 15.

3. gr.

Fyrirtæki sem kjósa að nýta sér sorphirðu bæjarins, á meðan slík þjónusta er í boði af hálfu bæjarfélagsins, skulu greiða fyrir hvert ílát árlegt gjald sem hér segir:

	kr.
1. fyrir 240 l tunnu	13.500
2. fyrir 500 l gám	30.500
3. fyrir 660 l gám	40.500

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem gildir frá 1. janúar 2005 er samþykkt af bæjarstjórn Mosfellsbæjar með vísan til samþykktar um sorphirðu og hreinsun opinna svæða í Mosfellsbæ nr. 589/1998 með síðari breytingum og með vísan til 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarnarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

Við samþykkt þessarar gjaldskrár fellur úr gildi gjaldaskrá um sama efni nr. 1049, frá 29. desember 2003.

Mosfellsbæ, 13. desember 2004.

Stefán Ómar Jónsson bæjarritari.